

# Krabbameinsfélag Íslands

Ársreikningur 2025



Krabbameinsfélagið

**Efnisyfirlit****bls.**

Skýrsla stjórnar .....	<b>2</b>
Áritun óháðs endurskoðanda .....	<b>3 - 4</b>
Rekstrarreikningur .....	<b>5</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>6 - 7</b>
Sjóðstreymi .....	<b>8</b>
Skýringar .....	<b>9 - 13</b>

Krabbameinsfélag Íslands  
Kennitala 700169-2789  
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

# Skýrsla stjórnar

## Meginstarfsemi félagsins

Krabbameinsfélag Íslands hefur þann tilgang að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameinum. Lögheimili félagsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

## Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var rekstrarafkoma ársins jákvæð um 113,2 milljónir króna samanborið við 92,9 milljón króna afkomu árið 2024. Bókfært verð eigna í árslok 2025 nam 1.902,6 milljónum króna og eigið fé félagsins var jákvætt um 1.783,7 milljónir króna. Fjöldi ársverka á árinu var 28.

Tekjur Krabbameinsfélagsins koma að langstærstum hluta frá Velunnurum og átaksverkefnum. Liðurinn Ýmsar tekjur jukust á milli ára sem skýrist af því að félaginu bárust mjög rausnarlegar erfðagjafir á árinu sem Auðunn Víðir Pétursson, Ásta Björnsdóttir og Þorsteinn Trausti Þórðarson höfðu ánaðnað félaginu eftir sinn dag. Fyrir þeirra tilstuðlan meðal annars gat félagið veitt mjög myndarlegan styrk til Vísindasjóðs félagsins sem hefur þann tilgang að efla íslenskar krabbameinsrannsóknir og ráðist í stofnun Framfarisjóðs. Veittir styrkir á árinu námu um 300,5 milljónum króna og fara að stærstum hluta til Vísindasjóðs félagsins.

Á árinu 2025 stofnaði félagið Framfarisjóð Krabbameinsfélagsins með 75.000.000 kr. stofnframlagi. Sjóðnum er ætlað að styrkja ný verkefni sem ætlað er að bæta þjónustu við fólk með greiningu og meðferð krabbameina og að lokinni krabbameinsmeðferð auk nýrra verkefna til forvarna gegn krabbameinum.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

## Varasjóður

Krabbameinsfélag Íslands skal eiga varasjóð í samræmi við 6 gr. laga félagsins til að mæta hugsanlegum samdrætti í tekjum, til að fjármagna viðamikil verkefni sem aðalfundur ákveður og vera tryggingasjóður vegna áfalla sem félagið kann að verða fyrir. Eignasöfn félagsins geyma varasjóðinn en samkvæmt lögum félagsins skal upphæð sjóðsins nema um það bil kostnaði við meginstarfsemi félagsins í 12 mánuði. Sjá nánar í skýringu 8.

## Ráðstöfun afkomu

Stjórnin vísar til skýringa varðandi ráðstöfun á afkomu félagsins en félagið er almannaheillafélag og greiðir ekki arð. Vegna góðrar afkomu ársins 2025 leggur stjórn Krabbameinsfélagsins til að allt að 75.000.000 kr. verði veitt til að tryggja að aðgerðaáætlun í krabbameinsmálum verði hrint af stað ekki síðar en haustið 2026 með sérstöku samkomulagi við heilbrigðisráðherra.

Fullnýtt er fé, sem veitt var sérstaklega til uppbyggingar Rannsóknarseturs – krabbameinsskrár og verkefna um langvinnar aukaverkanir, af afkomu áranna 2021 og 2024.

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með áritun sinni.

Reykjavík 8. maí 2026

Stjórn:

\_\_\_\_\_  
Hlíf Steingrimsdóttir

\_\_\_\_\_  
Áslaug Kristjánsdóttir

\_\_\_\_\_  
Jóhanna Eyrún Torfadóttir

\_\_\_\_\_  
Pétur Þór Jónasson

\_\_\_\_\_  
Sigurður Hannesson

\_\_\_\_\_  
Vala Smáradóttir

\_\_\_\_\_  
Vilhjálmur Egilsson

Framkvæmdastjóri:

\_\_\_\_\_  
Halla Þorvaldsdóttir

## Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn Krabbameinsfélags Íslands höfum yfirfarið ársreikning 2025 og ekkert athugunarvert fundið.

Reykjavík 8. maí 2026

\_\_\_\_\_  
Birna Guðmundsdóttir

\_\_\_\_\_  
Jón Auðunn Jónsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Krabbameinsfélags Íslands

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Krabbameinsfélags Íslands fyrir árið 2025, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar
  - Rekstrarreikning fyrir árið 2025
  - Efnahagsreikning þann 31. desember 2025
  - Sjóðstreymi fyrir árið 2025
  - Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

### Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetnin gu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík 8. maí 2026

### **PricewaterhouseCoopers ehf.**

Sara Henny H. Arnbjörnsdóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýringar	2025	2024
<b>Rekstrartekjur</b>			
Þjónustusamningur við embætti landlæknis um krabbameinsskrár .....		47.633.330	48.187.284
Fjáröflun .....		1.034.826.997	940.401.052
Ýmsar tekjur .....		278.311.083	60.808.570
	3	<u>1.360.771.410</u>	<u>1.049.396.906</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4	446.818.755	415.572.328
Vörukaup .....		66.074.188	71.441.756
Upplýsingatækni .....		52.423.418	38.953.866
Húsnæðiskostnaður .....		44.570.794	45.091.799
Veittir styrkir .....	6	300.523.065	105.553.090
Annar rekstrarkostnaður .....	7	374.006.889	326.831.733
Afskriftir .....	9	37.367.714	42.014.295
		<u>1.321.784.823</u>	<u>1.045.458.867</u>
<b>Afkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</b>		38.986.587	3.938.039
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur og gengismunur .....		34.394.565	48.075.852
Vaxtagjöld og gengismunur .....		(486.680)	(520.479)
Gangvirðisbreytingar verðbréfa .....		40.307.668	41.437.376
	5	<u>74.215.553</u>	<u>88.992.749</u>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>113.202.140</u>	<u>92.930.788</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýringar	2025	2024
<b>Fastafjármunir</b>			
Fasteignir .....		507.284.378	527.512.581
Áhöld og tæki .....		2.399.284	1.693.456
Hugbúnaður og óefnislegar eignir .....		12.502.277	29.110.629
	9	<u>522.185.939</u>	<u>558.316.666</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		522.185.939	558.316.666
<b>Veltufjármunir</b>			
Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu .....	8	1.087.262.771	1.105.466.738
Viðskiptakröfur .....	10	27.859.749	70.574.389
Aðrar skammtímakröfur .....		20.400.161	21.335.942
Handbært fé .....	11	244.937.741	84.664.905
		<u>1.380.460.422</u>	<u>1.282.041.974</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.902.646.361</u>	<u>1.840.358.640</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2025	2024
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	12	1.783.738.571	1.670.536.431
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		41.549.994	52.191.640
Aðrar skammtímaskuldir .....		63.498.535	60.428.185
Skuldir við tengd félög .....	13	13.859.261	57.202.384
		<u>118.907.790</u>	<u>169.822.209</u>
<b>Skuldir samtals</b>		118.907.790	169.822.209
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.902.646.361</u>	<u>1.840.358.640</u>

## Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýringar	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		113.202.140	92.930.788
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	9	37.367.714	42.014.295
Óinnleystar gangvirðisbreytingar verðbréfa .....		(40.269.866)	(64.118.800)
Slit á dótturfélagi .....		0	1.092.558
		<u>110.299.988</u>	<u>71.918.841</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		43.650.421	(32.740.082)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(7.571.296)	10.602.667
		<u>36.079.125</u>	<u>(22.137.415)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		146.379.113	49.781.426
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(1.236.987)	(30.779.132)
Viðskipti með verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu .....		58.473.833	(7.794.269)
Viðskipta við tengda aðila, breyting .....		(43.343.123)	(8.919.715)
		<u>13.893.723</u>	<u>(47.493.116)</u>
<b>Hækkun á handbæru fé</b>		160.272.836	2.288.310
Handbært fé í byrjun árs .....		84.664.905	82.376.595
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>244.937.741</u></u>	<u><u>84.664.905</u></u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Greiddir vextir		(486.680)	(520.479)
Innborgaðar vaxtatekjur		6.899.581	6.298.931

## Skýringar

### 1. Almennar upplýsingar

Krabbameinsfélag Íslands hefur þann tilgang að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini.

Krabbameinsfélag Íslands er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

### 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

### 3. Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar mögulegt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagnjalds eða kröfu og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

### 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2025	2024
Laun .....	365.410.646	342.239.680
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	50.567.319	46.245.894
Launatengd gjöld .....	30.840.790	27.086.754
	<u>446.818.755</u>	<u>415.572.328</u>

Fjöldi ársverka á reikningsárinu er 28 sem er óbreytt frá fyrra ári.

### 5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

#### Tekjur af fjáreignum

Fjáreignir eru í eignastýringu hjá viðskiptabönkum félagsins samkvæmt samningi þar um. Tekjur vegna fjáreignanna færir félagið með eftirfarandi hætti:

Óinnleystur hagnaður eða tap eignastýringar: Er færður í lok hvers mánaðar samkvæmt uppgjöri frá eignastýringu og er vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga á fjárfestingum félagsins.

Innleystur hagnaður eignastýringar: Er hagnaður eða tap vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga af fjárfestingum félagsins sem hefur verið innleystur á tímabilinu.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði, fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum.

Arðstekjur eignastýringar: eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Vaxtatekjur eignastýringar: eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna innlánsreikninga í eignastýringu.

Aðrar vaxtatekjur eru vaxtatekjur vegna bankainnistæðna, innheimtu lífeyrissjóða og annarra krafna.

#### Fjármagnsgjöld og fjármagnstekjuskattur

Fjármagnsgjöld eru færð til gjalda á því tímabili sem þau falla til. Fjármagnstekjuskattur er eignfærður á því ári sem hann er innheimtur þar sem félagið er skráð á almannahéllaskrá og fæst því endurgreiddur.

#### Erlendir gjaldmiðlar og vísitölutenging

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2026. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

## Skýringar

### 6. Veittir styrkir

Styrkveitingar Krabbameinsfélags Íslands á árinu 2025 sundurliðast á eftirfarandi	2025	2024
Styrkir til Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands .....	155.000.000	50.000.000
Velunnarastyrkir, hlutdeild aðildarfélaganna í framlögum Velunnara .....	50.023.065	47.353.090
Styrkur til stofnunar Framfarasjóðs Krabbameinsfélagsins .....	75.000.000	0
Aðrir styrkir .....	20.500.000	8.200.000
	<u>300.523.065</u>	<u>105.553.090</u>

### 7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2025	2024
Rekstur Velunnarakerfis .....	96.639.456	96.662.530
Ýmis sérfræðipjónusta .....	30.899.466	31.220.341
Aðkeypt þjónusta önnur .....	87.071.884	64.888.446
Kostnaður og viðhald áhalda og tækja .....	2.628.588	4.350.608
Skrifstofukostnaður .....	19.787.515	11.822.805
Kynningarkostnaður .....	26.005.576	70.449.121
Kynningarkostnaður vegna vitundarvakninga .....	52.679.019	0
Bankakostnaður .....	21.313.820	19.457.900
Starfsmannakostnaður .....	13.736.243	12.673.233
Mötuneytiskostnaður .....	10.195.311	8.490.904
Afskriftir og niðurfærsla krafna .....	9.027.019	5.000.000
Annar kostnaður .....	4.022.992	1.815.845
	<u>374.006.889</u>	<u>326.831.733</u>

### 8. Fjáreignir í verðbréfum

Fjáreignir Krabbameinsfélags Íslands eru allar í eignastýringu hjá viðskiptabönkum félagsins, Íslandsbanka, Kviku og Arion banka. Eignasöfn félagsins geyma varasjóð en samkvæmt lögum félagsins ber því að eiga varasjóð sem nemur um það bil kostnaði við meginstarfsemi félagsins í 12 mánuði.

Fjáreignir sundurliðast þannig:	2025	2024
Laust fé (innlán) .....	70.001.378	74.043.470
Ríkisskuldabréf .....	245.367.803	302.020.837
Skuldabréf banka og fjármálastofnana .....	273.901.306	273.972.014
Önnur innlend skuldabréf .....	219.213.309	178.030.124
Innlend hlutabréf .....	186.359.338	135.489.824
Erlend skuldabréf .....	5.984.333	7.515.693
Erlend hlutabréf .....	86.435.303	134.394.777
	<u>1.087.262.771</u>	<u>1.105.466.738</u>

#### Innlánsreikningar í eignastýringu

Innlánsreikningar eru bankareikningar og lausafjárstöðir í eignastýringu.

#### Félög og sjóðir, matsreglur

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru færðir á gangvirði. Verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningadegi ársins.

Eignarhlutir í hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum sem ekki eru skráðir á skipulögðum verðbréfamarkaði eru færðir upp miðað við gengi sem er útgefið af sjóðunum. Það gengi á að endurspeglar gangvirði undirliggjandi hluta- og skuldabréfa í sjóðunum að frádregnum kostnaði.

#### Skuldabréf, matsreglur

Skuldabréf eru metin á gangvirði. Skuldabréf sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningadegi ársins.

#### Áhættustýring

Áhættustýring er í höndum stjórnar félagsins sem markar fjárfestingastefnu. Helsti fjárhagslegur áhættuþáttur félagsins telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Sjá nánar í skýringu 15.

## Skýringar

### 9. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Hugbúnaður og óefnislegar eignir	Samtals
<b>Árslok 2024:</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	535.370.927	2.337.187	31.843.715	569.551.829
Viðbót ársins .....	13.036.796	0	17.742.336	30.779.132
Afskriftir .....	(20.895.142)	(643.731)	(20.475.422)	(42.014.295)
Bókfært verð í árslok .....	527.512.581	1.693.456	29.110.629	558.316.666
Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:				
Kostnaðarverð .....	935.250.966	347.208.501	190.258.669	1.472.718.136
Afskrifað samtals .....	(407.738.385)	(345.515.045)	(161.148.040)	(914.401.470)
Bókfært verð í árslok .....	527.512.581	1.693.456	29.110.629	558.316.666
<b>Árslok 2025:</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	527.512.581	1.693.456	29.110.629	558.316.666
Viðbót ársins .....	0	1.236.987	0	1.236.987
Afskriftir .....	(20.228.203)	(531.159)	(16.608.352)	(37.367.714)
Bókfært verð í árslok .....	507.284.378	2.399.284	12.502.277	522.185.939
Bókfært verð í árslok 2025 greinist þannig:				
Kostnaðarverð .....	935.250.966	348.445.488	190.258.669	1.473.955.123
Afskrifað samtals .....	(427.966.588)	(346.046.204)	(177.756.392)	(951.769.184)
Bókfært verð í árslok .....	507.284.378	2.399.284	12.502.277	522.185.939

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir .....	40 ár
Áhöld og bifreiðar .....	3-8 ár
Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir .....	3-4 ár

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma

#### Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Fasteignir félagsins í árslok 2025 voru eftirtaldar:	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Skógarhlíð 8, Reykjavík .....	657.772.500	138.592.500	1.083.282.500	383.476.849
Rauðarárstígur 33, Reykjavík .....	327.840	44.485	221.675	123.807.529
	658.100.340	138.636.985	1.083.504.175	507.284.378

Krabbameinsfélag Íslands á 85% í Skógarhlíð 8 og á Rauðarárstíg 33 á Krabbameinsfélagið 2 íbúðir 100% og 6 íbúðir 50% á móti Rauða Krossi Íslands. Engar veðsetningar eru á eignum félagsins í árslok.

Fastafjármunir félagsins eru váttryggðir fyrir kr. 2.523 milljónum í lok árs.

## Skýringar

### 10. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	<b>2025</b>	<b>2024</b>
Viðskiptakröfur .....	44.910.999	81.625.639
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	(17.051.250)	(11.051.250)
Viðskiptakröfur, nettó .....	<u>27.859.749</u>	<u>70.574.389</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### 11. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

### 12. Eigið fé

<b>Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum</b>	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
<b>Hreyfingar 2024:</b>		
Staða í ársbyrjun .....	1.577.605.643	1.577.605.643
Hagnaður ársins .....	92.930.788	92.930.788
Staða í árslok .....	<u>1.670.536.431</u>	<u>1.670.536.431</u>
<b>Hreyfingar 2025:</b>		
Staða í ársbyrjun .....	1.670.536.431	1.670.536.431
Hagnaður ársins .....	113.202.140	113.202.140
Staða í árslok .....	<u>1.783.738.571</u>	<u>1.783.738.571</u>

### 13. Viðskipti við tengda aðila

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands er skilgreindur sem tengdur aðili þar sem sjóðurinn er fjárhagslega háður framlögum frá Krabbameinsfélagi Íslands sem og aðildarfélög að Krabbameinsfélagi Íslands. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila eru skilgreindir sem tengdir aðilar. Stöður við tengda aðila voru eftirfarandi:

<i>Sundurliður á kröfum og (skuldum) á tengda aðila</i>	<b>2025</b>	<b>2024</b>
Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands .....	0	(53.509.022)
Aðildarfélög Krabbameinsfélags Íslands .....	(13.859.261)	(3.693.362)
Skuld við tengda aðila samtals .....	<u>(13.859.261)</u>	<u>(57.202.384)</u>

### 14. Önnur mál

Vegna góðrar afkomu ársins 2025 leggur stjórn Krabbameinsfélagsins til að allt að 75.000.000 kr. verði veitt til að tryggja að aðgerðaáætlun í krabbameinsmálum verði hrint af stað ekki síðar en haustið 2026 með sérstöku samkomulagi við heilbrigðisráðherra.

Fullnýtt er fé, sem veitt var sérstaklega til uppbyggingar Rannsóknarseturs - krabbameinsskrár og verkefna um langvinnar aukaverkanir, af afkomu árána 2021 og 2024.

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands hefur samþykkt að standa undir kostnaði sem kann að koma til vegna þjónustusamnings um skimanir fyrir krabbameinum sem rann út þann 31. desember 2020.

## Skýringar

### 15. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Áhættuþættir sem tengjast varðveislu og ávöxtun fjáreigna Krabbameinsfélags Íslands eru helst vegna vaxtabreytinga og áhrifa breytinga á gengi hlutabréfa og gengi erlendra gjaldmiðla. Helsti fjárhagslegi áhættuþáttur félagsins í varðveislu fjáreigna telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Áhættustýring er í höndum stjórnar

#### Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsverðum. Í fjárfestingastefnu félagsins setur stjórn skýr mörk um eignasamsetningu. Þar með hefur félagið tryggt fjölbreytni í fjárfestingasafninu og markað áhættuvilja félagsins. Þær markaðsáhættur sem skoðaðar eru sérstaklega eru: vaxtaáhætta, hlutabréfaáhætta og gjaldeyrisáhætta. Markmiðið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Í árslok 2025 var staða eignastýringar hlutfallslega eftirfarandi:

**2025**

Laust fé (Innlán) .....	6,4%
Ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs .....	22,6%
Skuldabréf banka og fjármálastofnana .....	25,2%
Önnur innlend skuldabréf .....	20,2%
Innlend hlutabréf .....	17,1%
Erlend skuldabréf .....	0,6%
Erlend hlutabréf .....	7,9%
	<hr/>
	100,0%

#### Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Breyting á ávöxtunarkröfu og vaxtakjör eru þættir sem hafa mikil áhrif á ávöxtun innlendra skuldabréfa. Lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands hefur áhrif til lækkunar á ávöxtunarkröfu flestra skuldabréfa sem skilar sér í herra gengi og þar með ávöxtun. Hækkun stýrivaxta hefur hins vegar öfug áhrif á gengi skuldabréfa.

#### Næmnigreining skuldabréfa

Áhrif af 5% hækkun/lækkun í virði skuldabréfa þýðir breytingu á eignasafninu um 37,2 milljónir kr.

#### Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði skráðra og óskráðra hlutabréfa félagsins og framvirkra afleiða á hlutabréf.

Næmnigreining fyrir hlutabréfaáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefenda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga.

#### Næmnigreining hlutabréfa

Áhrif af 5% hækkun / lækkun í virði hlutabréfa þýðir breytingu á eignasafninu um 13,6 milljónir kr.

#### Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á gengi gjaldmiðla.

Félagið fjárfestir í erlendum gjaldmiðlum auk þess sem félagið er með fjárfestingar í erlendum verðbréfum og sjóðum þar sem sveiflur í gengi íslensku krónunnar hafa áhrif á virði fjármálagerninganna.

#### Næmnigreining gjaldeyris

Áhrif af 5% hækkun / lækkun gengis íslensku krónunar þýðir breytingu á eignasafninu um 514 þúsund kr.

# Undirritunarsíða

Sara Henný H Arnbjörnsdóttir

Hlíf Steingrímsdóttir

Áslaug Kristjánsdóttir

Jóhanna Eyrún Torfadóttir

Pétur Þór Jónasson



Undirritað af:  
Pétur Þór Jónasson  
0905524739  
Dags: 08.05.2026  
Tími: 11:07:48  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 9c8dd4ec-  
6081-4b4b-8a1d-  
71435f5deed7

Guðfinna H Þorvaldsdóttir



Undirritað af:  
Guðfinna Halla  
Þorvaldsdóttir  
1406705459  
Dags: 08.05.2026  
Tími: 11:18:53  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 9c8dd4ec-  
6081-4b4b-8a1d-  
71435f5deed7

Sigurður Hannesson



Undirritað af:  
Sigurður Hannesson  
2807803329  
Dags: 08.05.2026  
Tími: 11:06:43  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 9c8dd4ec-  
6081-4b4b-8a1d-  
71435f5deed7

Vala Smáradóttir



Undirritað af:  
Vala Smáradóttir  
0802842259  
Dags: 08.05.2026  
Tími: 11:05:29  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 9c8dd4ec-  
6081-4b4b-8a1d-  
71435f5deed7

Vilhjálmur Egilsson

Jón Auðunn Jónsson

# Undirritunarsíða

Birna Bertha Guðmundsdóttir